# 339. fundur Skólanefndar FS
# 11. janúar 2017

**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Iðunn Erla Guðjónsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**
1. Ytra mat.
2. Stefnumörkun og framtíðarsýn.
3. Staðan í upphafi annar.
4. Önnur mál.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**1. Ytra mat.**
Skólameistari kynnti helstu niðurstöður úr ytra mati en í vetur var gerð úttekt á skólanum á vegum ráðuneytisins en slíkt er gert á nokkurra ára fresti. Niðurstöðurnar eru almennt mjög jákvæðar en í framhaldinu verður gerð úrbótaáætlun þar sem farið verður yfir það sem betur má fara.

**2. Stefnumörkun og framtíðarsýn.**
Skólameistari sagði frá vinnu við stefnumörkun en skólinn gerir framvegis áætlun til nokkurra ára þar sem sett eru fram markmið og stefna skólans.

**3. Staðan í upphafi annar.**
Skólameistari sagði frá upphafi vorannar og breytingum á kennarahópnum. Nemendur í dagskóla eru um 900 sem er svipað og á vorönn á síðasta skólaári. Skólameistari sagði einnig frá framkvæmdum við húsnæði og endurnýjun búnaðar og því helsta sem er framundan á önninni.

**4. Önnur mál.**

a) Formaður NFS sagði frá því sem er framundan hjá nemendafélaginu. Stærsta verkefnið er söngleikur sem verður frumsýndur síðar á önninni.

b) Formaður ræddi um erindi frá skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi þar sem óskað var eftir samstarfi skólanefnda framhaldsskóla varðandi fjárveitingar til skólanna.

c) Nefndarmenn hvöttu til þess að jákvæðar niðurstöður úr ytra mati verði kynntar í fjölmiðlum á svæðinu.

d) Skólameistari þakkaði nefndarmönnun fyrir samstarfið undanfarin ár en þetta er síðasti fundir þessarar nefndar. Nefndarmenn þökkuðu sömuleiðis fyrir gott samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

Böðvar Jónsson

Guðbjörg Kristmundsdóttir

Fanney D. Halldórsdóttir

Pétur Brynjarsson

Gunnar Valdimarsson

Iðunn Erla Guðjónsdóttir

Kristján Ásmundsson

Guðmann Kristþórsson, fundarritari